

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps Heydalamelum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	8.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Selnesi 25	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801690779	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hermann Arnþórsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstur urðunarstaðarins er óbreyttur frá því sem verið hefur. Umgengni um urðunarsvæðið er góð en þó ber nokkuð á foki á suðurhluta svæðisins. Tvö frávik eru skráð vegna urðunarstaðarins.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Farið var í eftirlitsferð 8. ágúst 2016.

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarmælingar, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Gengið var um urðunarsvæðið og næsta nágrenni, einkum sunnan og austan við urðunarstaðinn. Eftirlit utan girðingar var til að meta fok frá svæðinu.

Urðunarsvæðið er snyrtilegt og úrgangur er settur í gryfjur með þéttu loki um leið og hann kemur á svæðið. Dálítið varð vart við rusl af völdum foks í nágrenni urðunarstaðarins. Fundað var með Hermanni verkstjóra í áhaldahúsi Breiðdalshrepps að eftirliti loknu, en hann annast umsjón urðunarstaðarins. M.a. rætt um framkvæmd urðunar og verklag sem og kröfur um skráningar.

Þá var rætt um mengunarmælingar. Erfitt hefur reynt að grafa holur fyrir sýnatökur þar sem svæði er þurr eins langt niður og hægt er að grafa.

Urðunarsvæðið er girt að fullu, en þegar eftirlit fór fram var hlið opið. Gerð var athugasemd við það. Ábyrgðartrygging skv. lið 4.5 í starfsleyfi yfirfarin og staðfest. Teknar voru myndir þegar eftirlit fór fram.

### Frávik frá

grein 3.2 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Sýnatökustaðir skv. kröfum starfsleyfis hafa ekki verið útbúnir

grein 3.3 í starfsleyfi

Skýrslur um niðurstöður skráninga á undangengnu ári skv. grein 3.1 hafa ekki verið sendar til eftirlitsaðila og heilbrigðisnefndar.

## ANNAÐ

Dálftil ummerki voru um vargfugl á svæðinu.

Starfsleyfi urðunarstaðarins var gefið út 12. júlí 2006 og gildir til 1. júlí 2018.

19.12.2016

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



---

Sigríður Kristjánsdóttir